

Hér er að finna reglur um innflutning á notuðum reiðfatnaði/reiðtygjum til varnar því að smitsjúkdómar berist í íslenska hrossastofninn. Reglurnar eru byggðar á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Óheimilt að flytja til landsins

1. Notuð reiðtygi, þ.m.t. mál, hlífar, ábreiður og annan búnað sem notaður hefur verið í hestamennsku
2. Notaða reiðhanska
3. Ósóttthreinsuð reiðföt, þ.m.t. hjálma og skófátnað og annan óhreinan fatnað sem notaður hefur verið í umhverfi hesta
4. Notaðar landbúnaðarvélar og áhöld, þ.m.t. járnagaáhöld, hestakerrur og önnur tæki sem notuð hafa verið í landbúnaði

Mikil áhætta er fólgin í innflutningi notaðra reiðtygja, mál og annars búnaðar og áhalda sem notuð eru í hestamennsku og er hann því alfarið bannaður. Notaðir reiðhanskar eru ennfremur taldir bera með sér sérlega mikla smíthættu og teljast því með búnaði sem bannað er að koma með til landsins.

Reglur um sóttthreinsun á fatnaði og skóm sem notaður hefur verið í umhverfi hesta erlendis

- Notaðir reiðskór/stígvél og annar skófátnaður sem notaður hefur verið í umhverfi hesta erlendis
 - Sóttthreinsun: Skófátnaðurinn skal þvegin vel og þurrkaður. Þar á eftir úðaður með Virkoni og látinn þorna og bíða í 5 daga eftir sóttthreinsun áður en hann er notaður í umhverfi hesta á Íslandi
- Notaðir reiðhjálmar:
 - Sóttthreinsun: Hjálmar skulu þvegnir vel með sápu og þurrkaðir. Þar á eftir úðaðir með Virkoni og látin þorna og bíða í 5 daga eftir sóttthreinsun áður en þeir eru notaðir í umhverfi hesta á Íslandi
- Notaður reiðfatnaður og annar fatnaður sem notaður hefur verið í umhverfi hesta erlendis
 - Ígildi sóttthreinsunar: Fatnaðurinn skal þvegin í þvottavél og þurrkaður eða þurrhreinsaður.

Þvottur/hreinsun á reiðfatnaði og sóttthreinsun á reiðskóm skal eiga sér stað áður en komið er til landsins. Að öðrum kosti skal framvísa notuðum reiðfatnaði, þ.m.t. hjálum og skófátnaði í rauða hliðinu á Keflavíkurflugvelli og nýta hreinsipjónustu með heimsendingu sem þar er í boði gegn gjaldi. Fatahreinsunin tekur ekki við leður- og vaxjökkum.

Annar fatnað sem notaður hefur verið í umhverfi hesta er heimilt að flytja inn í lokuðum plastpokum og hreinsa samkvæmt framangreindum leiðbeiningum strax eftir heimkomu.

Að gefnu tilefni er tekið fram að frýsting er ekki sóttthreinsun. Hún getur þvert á móti lengt líftíma tiltekinnar smitefna.

Önnur góð ráð fyrir hestamenn sem ferðast til annarra landa

- Hafið ævinlega með ykkur hreinan fatnað og skó til heimferðar
- Veljið fatnað til notkunar í umhverfi hesta erlendis sem auðvelt er að þvo og hreinsa
 - Notið ekki leðurfatnað og vaxjakka svo eitthvað sé nefnt
- Veljið fatnað til notkunar í umhverfi hesta erlendis sem ekki er notaður í hestamennsku hér heima
 - Þann fatnað þarf samt að þvo og sóttthreinsa skv. framangreindum reglum
- Þeir sem ferðast mikið milli landa ættu að geyma fatnað á bækistöðvum sínum erlendis